

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 2. júlí 1993

um nákvæmar reglur um viðskipti innan bandalagsins með tiltekin lifandi dýr og afurðir ætluð til útflutnings til þriðju landa**(93/444/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum fyrstu málsgrein g-liðar 4. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í fyrstu undirgrein g-liðar 1. mgr. 3. gr. áðurnefndrar tilskipunar er kveðið á um að dýraheilbrigðiseftirlit skuli haft með dýrum og afurðum sem samræmast reglum bandalagsins um viðskipti innan bandalagsins og ætluð eru til útflutnings til þriðja lands um yfirráðasvæði eins eða fleiri annarra aðildarríkja en upprunarfiskisins.

Nauðsynlegt er að tilgreina hvaða vottorða er krafist og taka upp fast fyrirkomulag á upplýsingamiðlun til hlutaðeigandi yfirvalda og á dýraheilbrigðiseftirliti hjá viðtakendum.

Að því er varðar vottorðin, þar með taldar viðbótarábyrgðir, ber að flokka viðkomandi dýr á sama hátt og dýr til slátrunar.

Til að koma í veg fyrir vandkvæði á ytri landamærum bandalagsins skulu dýraheilbrigðisskjöl og/eða -vottorð, sem eru í samræmi við dýraheilbrigðiskröfur viðtökulandsins, fylgja með dýrunum og afurðunum þar sem því verður við komið.

Upplýsingamiðlun til hlutaðeigandi yfirvalda getur farið fram á skilvirkan hátt um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðis-yfirvalda („Animo“), sem komið var á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/398/EBE ⁽³⁾, með því að nota fyrirmynd að tilkynningu sem er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/637/EBE ⁽⁴⁾.

Til að tryggja snurðulausa framkvæmd kerfisins ber að líta svo á að sá einstaklingur sem í raun sér um formsatriði vegna flutnings viðkomandi dýra eða afurða frá yfirráðasvæðinu sé viðtakandinn, og skilgreina ber hugtakið „brottfararstaður“.

Samkvæmt fyrstu undirgrein g-liðar 1. mgr. 3. gr. áðurnefndrar tilskipunar 90/425/EBE skulu viðkomandi dýr og afurðir vera áfram undir toleftirliti. Ákvörðun þessi skal gilda með fyrirvara um að staðið sé við tollskuldbindingar sem kveðið er á um vegna slíkra dýra og afurða.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun skal gilda um dýr og afurðir sem um getur í fyrstu undirgrein g-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 46.

2. Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „brottfararstaður“: sérhver staður sem er mjög nálægt ytri landamærum eins af yfirráðasvæðunum sem eru talin upp í I. viðauka við tilskipun ráðsins 90/675/EBE ⁽¹⁾ og þar sem aðstaða er fyrir tolleftirlit;
- b) „viðtökuaðildarríki“: aðildarríkið þar sem brottfararstaðurinn er.

2. gr.

1. Upprunaaðildarríki skulu sjá til þess að með öllum sendingum dýra fylgi heilbrigðisvottorð, sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, sem ef þurfa þykir innihalda viðbótarábyrgðirnar sem kveðið er á um í löggjöf bandalagsins vegna dýra sem ætluð eru til slátrunar.

2. Ef óhöpp henda meðan á flutningi stendur eða það þriðja land sem er viðtökuland hafnar sendingu geta umflutningsaðildarríki eða viðtökuaðildarríki, sem viðbótarábyrgðir samkvæmt iv-lið e-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE gilda um, gert allar þær ráðstafanir sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/425/EBE eða krafist þess að dýrin verði send í næsta slátruhús til slátrunar.

3. gr.

1. Upprunaaðildarríki skulu sjá til þess að með öllum sendingum dýra eða afurða fylgi dýraheilbrigðisskjöl og/eða dýraheilbrigðisvottorð sem standast dýraheilbrigðis-kröfur þriðju landa sem eru viðtökulönd.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld upprunaaðildarríkis bæta færslunni „Dýr eða afurðir flutt út til (heiti þriðja lands)“ á vottorðin sem um getur í 4. gr. ef þau hafa ekki nauðsynlegar upplýsingar og einkum ef ekki er um tvíhliða samning að ræða milli upprunaaðildarríkisins og þess þriðja land sem er viðtökuland.

4. gr.

Vottorðin sem um getur í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE skulu:

- vera á að minnsta kosti einu af tungumálum upprunaaðildarríkisins og að minnsta kosti einu af tungumálum viðtökuaðildarríkisins,
- tilgreina sem viðtakanda einstaklinginn eða lögpersónuna sem í raun sinnir formsatriðum vegna viðkomandi flutnings frá brottfararstað,
- tilgreina, sem viðtökustað, brottfararstaðinn frá yfirráðasvæðinu eins og hann er skilgreindur (skoðunarstöð á landamærum eða annar brottfararstaður).

5. gr.

1. Í Animo-tilkynningunni sem kveðið er á um í ákvörðun 91/637/EBE skal við liðinn „Athugasemdir“ tilgreina heiti þess þriðja lands sem er viðtökustaður.

2. Animo-tilkynningin skal send til:

- lögbærs yfirvalds viðtökustaðar, þ.e. skoðunarstöðvarinnar á landamærum eða staðaryfirvaldsins á þeim stað þar sem brottfararstaðurinn er, og
- stjórnvalda á viðtökustaðnum og í umflutningsaðildarríkjunum.

6. gr.

Viðtakandi telst, í skilningi annars undirliðar 4. gr., heyra undir gildissvið iii-liðar í b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. júlí 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.